


Ársskýrsla 2017



Aukinn slagkraftur í starfsemi Samtaka iðnaðarins



Menntun



Nýsköpun



Starfsumhverfi



Innviðir

Árið 2017 urðu áherslubreytingar í starfsemi Samtaka iðnaðarins. Breytingarnar sem gerðar hafa verið á starfsemi miða að því að efla samtökin, auka sýnileika, veita félagsmönnum enn betri þjónustu og gera þau að því hreyfiafli sem stærstu og öflugustu samtök atvinnurekenda á Íslandi eiga að vera. Skipulagsbreytingar sem gerðar voru höfðu þann tilgang að styðja við nýjar áherslur í starfi samtakanna þar sem mest áhersla er á fjóra meginþætti, sem saman mynda undirstöður öflugra atvinnulífs og skipta því miklu máli fyrir iðnað á Íslandi og þannig samfélagið allt. Þetta eru menntun, nýsköpun, starfsumhverfi og innviðir. Breytingarnar endurspeglast í breyttu skipulagi, starfsmannabreytingum og breytingum á skrifstofuhúsnæði þar sem nú er lögð áhersla á opin vinnuými til að efla samvinnu og auka liðsheild starfsmanna.

Á árinu bættust nýir liðsmenn í hóp öflugra starfsmanna samtakanna og margir góðir samstarfsfélagar voru kvaddir á árinu með þökkum fyrir þeirra framlag til iðnaðarins.

Hlutverk og framtíðarsýn

- Samtök iðnaðarins efla íslenskan iðnað og auka samkeppnishæfni hans
- Iðnaður í fararbroddi drifinn áfram af stöðugum umbótum í menntun, nýsköpun, starfsumhverfi og innviðum sem leiðir til aukinnar framleiðni og hagsældar
- Skapa aðstæður sem uppfylla markmið okkar um gott samfélag og samkeppnishæft umhverfi

Gildi

- **Fagmennska** – Vönduð vinnubrögð, nýjar upplýsingar og þekking á viðfangsefnum
- **Samvinna** – Samstarf starfsmanna og félagsmanna við stjórnvöld, stofnanir, fjölmiðla og önnur samtök
- **Áræðni** – Forsenda árangurs – Höfum kjark og þor til að takast á við krefjandi verkefni í þágu íslensks iðnaðar



Ávarp formanns SI

Stöðnun eða framfarir

Í öllum okkar störfum hvort sem það er í opinberu lífi eða einkalífi verðum við að gæta að því að staðna ekki. Stöðnun er óásættanlegt ástand. Ísland hefur verið á fleygiferð breytinga síðustu hundrað árin. Ég leyfi mér að fullyrða að Íslendingar hafa aldrei í sögu sinni upplifað aðrar eins þjóðfélagsbreytingar og á síðustu öld. Framfarir eru andstæðan við stöðnun og hér á landi hafa framfarir verið miklar. Það hefur ekki síst verið að þakka kraftmiklu einstaklingsframtaki sem dreif þjóðina áfram úr fátækt til velsældar. Það hefði ekki tekist nema að fólk þræði breytingar og var reiðubúið að leggja af mörkum til að auka velferð sína og sinna afkomenda. Hvati okkar hefur ekkert breyst í áranna rás. Þrá okkar eftir því að gera betur í dag en í gær er enn til staðar. Hvar sem ég kem til félagsmanna finn ég hvað fólk býr yfir miklum krafti til athafna. Það er ekki að finna vott stöðnunar heldur miklu fremur framtíðarhugsun og þrá til nýsköpunar. Að Ísland verði í fremstu röð og til að svo megi verða þarf ávallt að vera á tánum.

Eins er um okkur sem stöndum í stafni fyrir ykkur félagsmenn. Við viljum gera betur í dag en í gær. Við viljum þjóna félagsmönnum betur. Samtök eins og okkar verða að fylgja tíðaranda samfélagsins. Ef við ætlum að geta sinnt félagsmönnum eins og best verður á kosið þurfum við sömuleiðis að horfa í átt framfara og forðast að ganga sömu götu og gengin hefur verið svo oft áður. Við sem störfum í ykkar þágu höfum metnað til að gera vel í ykkar þágu.

Iðnaður hefur staðið að baki þriðjungs hagvaxtarins undanfarin ár. Iðnaður skapar tæp 30% landsframleiðslunnar. Einn af hverjum fimm á vinnumarkaði starfar í iðnaði. Íslenskur iðnaður hefur gengt lykilhlutverki í uppbyggingu atvinnulífs frá efnahagshruninu 2008.

Íslenskur iðnaður er burðarás í íslensku efnahagslífi og það er hlutverk okkar allra að tryggja að svo verði áfram. Það gerum við með stöðugum framförum.

Guðrún Hafsteinsdóttir



Ársskýrsla 2017

Innan Samtaka iðnaðarins eru um 1.400 fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda. Þau eru ólík innbyrðis, hvort sem lítið er til stærðar, starfsemi eða markaða. Þessi mikla fjölbreytni gerir starfið í senn vandasamt og nauðsynlegt. Þess er gætt að leggja áherslu á það sem er sameiginlegt en um leið er hlúð að því sértæka. Þetta hefur tekist með svo farsælum og árangursríkum hætti að Samtök iðnaðarins eru stærstu og öflugustu hagsmunasamtök atvinnurekenda í landinu.

Samtök iðnaðarins vinna að hagsmunum iðnaðarins á öllum sviðum í nánu samráði við einstaka starfsgreinahópa og aðildarfyrirtæki.

Mars 2018
Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími 591 0100, móttaka@si.is, www.si.is
Ábyrgðarmaður: Sigurður Hannesson
Ritstjórn: Margrét Kristín Sigurðardóttir, margret@si.is
Hönnun og umbrot: Hvíta húsið
Prentun: Prentækni ehf.

Stjórn SI

Stjórn SI 2017

Stjórn Samtaka iðnaðarins er skipuð fimm konum og fimm körlum úr röðum félagsmanna og er það í fyrsta skipti sem kynjahlutfall er jafnt. Stjórn ber ábyrgð á stefnumörkun og áherslu í starfinu en framkvæmdastjóri og starfsfólk sjá um nánari útfærslu og framkvæmd. Stjórnin kom saman til 12 formlegra stjórnarfunda.

Reglur um stjórnarsetu eru þannig úr garði gerðar að sífelld endurnýjun á sér stað innan stjórnarinnar en einn helsti styrkur SI er að enginn getur setið þar lengur en í sex ár. Þá þarf hver stjórnarmaður að fá endurnýjað umboð á tveggja ára fresti en formaður árlega.



Guðrún Hafsteinsdóttir
formaður, Kjörís



Árni Sigurjónsson,
varaformaður, Marel



Agnes Ósk Guðjónsdóttir,
GK Snyrtistofa



Bergþóra Þorkeldsdóttir,
ÍSAM



Egill Jónsson,
Össur



Guðrún Jónsdóttir,
Héðinn



Katrín Pétursdóttir,
Lýsi



Lárus Andri Jónsson,
Raffjónustan



Ragnar Guðmundsson,
Norðurál



Sigurður R. Ragnarsson,
ÍAV

Stjórnarkjör

Stjórnarkjör fór fram á aðalfundi SI sem haldinn var í Kaldalóni í Hörpu. Kjörið fór fram með netkosningu og úrslit voru kynnt á lönþingi. Vægi félagsmanna tekur mið af greiddum félagsgjöldum.

Guðrún Hafsteinsdóttir var endurkjörin formaður Samtaka iðnaðarins.

Alls gáfu átta kost á sér til almennrar stjórnarsetu. Kosid var um fjögur almenn stjórnarsæti og hlutu þessi flest atkvæði: Katrín Pétursdóttir, Lárus Andri Jónsson, Ragnar Guðmundsson og Sigurður R. Ragnarsson.

Eyjólfur Árni Rafnsson gekk úr stjórn á kjörtímabilinu þar sem hann varð formaður SA. Bergþóra Þorkeldsdóttir varð þá aðalmaður. Í varastjórn situr Guðmundur Skúli Viðarsson, ljósmyndari og eigandi Myndsköpun Ljósmyndagerð. Hólmar Svansson, Sæplastí, var varamaður en sagði sig frá þeim störfum þegar hann lét af störfum hjá fyrirtækinu. Óskar Hafnfjörð Auðunsson, Trefjum, var varamaður.

Ályktun Iðnpings 2017

ÖFLUGIR INNVIÐIR LÍFÆÐAR SAMFÉLAGSINS IÐNÞING 2017

Glímt við þjóðveginn
– Samgöngur og uppbygging

Ég á mér draum um straum
– Raforka og orkuskipti

Er ekki tími til kominn að tengja?
– Samskipti og gögn

Farðu alla leið
– Markmið og metnaður

Stóra verkefnið á Íslandi er að skapa aðstæður sem uppfylla metnað okkar fyrir góðu samfélagi og samkeppnishæfu umhverfi. Efla þarf og verja stöðu íslensks iðnaðar og atvinnulífs í bráð og lengd til þess...

... að störfum fjölgi, fjölbreytni aukist og atvinnulíf skapi þannig gott líf fyrir fólk á öllum aldri í öllum landshlutum

... að ungt og vel menntað fólk finni kröftum sínum farveg hér á landi til framtíðar

... að Ísland verði þekkt fyrir að nýta þau tækifæri sem felast í tæknibreytingum, grænum lausnum og aukinni framleiðni á öllum sviðum

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á 12 atriði sem varða leiðina að þessu marki:

- Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir áfall í útflutningstekjum og vaxandi flóttu fyrirtækja úr landi samfara hraðri styrkingu krónunnar. Lækka þarf vexti, afnema höft að fullu og treysta hagstjórn.
- Meiri stöðugleika þarf í gjaldmiðlamálum, meiri fyrirsjáanleika og minni vaxtamun. Það getur aðeins gerst með endurskoðun peningastefnunnar.
- Einfalda þarf skattkerfið frekar, lækka jaðarskatta og færa á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu á byggingarstað aftur upp í 100%. Það stuðlar að betri skattheimtu og dregur úr hættu á svartri atvinnustarfsemi og skattaundanskotum.
- Launategd gjöld eru há og íþyngjandi fyrir fyrirtæki. Tryggingagjald þarf að lækka hratt til sama horfs og var 2008.
- Innviðafjárfestingar verður að setja í forgang og mæta þannig miklum uppsöfnuðum halla og brýnni þörf. Opna þarf á fjölbreyttari form fjármögnunar framkvæmda.
- Nauðsynlegt er að auka framboð lóða og skapa hvata til byggingar ódýrra íbúða í takt við þarfir fólks. Vegna ófremdar-ástands á húsnæðismarkaði fá stórir hópar fólks ekki húsnæði við hæfi.
- Menntun þarf að vera í betra samræmi við þarfir atvinnulífs og samfélags. Fjölga þarf verulega nemum í iðn- og verkgreinum og leggja þarf meiri áherslu á tækni- og forritunarnám í takt við tæknibreytingar.
- Parísarsamkomulagið um minnkun gróðurhúsalofttegunda er krefjandi áskorun. Markmiðin munu ekki nást nema í viðtækri sátt og samvinnu stjórnvalda og atvinnulífs. Ísland getur tekið forystu á ákveðnum sviðum grænnar tækni.
- Auka þarf raforkuöryggi um land allt og samkeppni á raforkumarkaði og innleiða þarf markaðslausnir. Nauðsynlegt er að mæta betur fjölbreyttum raforkupörfum millistórra raforkunotenda. Á sama tíma þarf að verja samkeppnishæfni orkunotenda á Íslandi.
- Umgjörð alþjóðlegrar starfsemi á Íslandi þarf að vera samkeppnishæf. Afnáam hámarks á endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar og efling fjármögnunarumhverfis sprotafyrirtækja eru nauðsynlegur þáttur í því.
- Gagnatengingar við Evrópu og Bandaríkin eru lífæð nútíma samfélags og þekkingariðnaðar. Nýta verður tækifærin sem felast í stórbættum gagnatengingum með nýrri uppbyggingu. Tryggja þarf öryggi og gæði fjarskipta um land allt.
- Endurskoðun búvörusamninga og tollasamningar við aðrar þjóðir þurfa að fela í sér jafnræði atvinnugreina, stuðning við nýsköpun og aukna framleiðni í landbúnaði, ásamt því að verja sérstöðu íslensks landbúnaðar.



Fjölbreyttir viðburðir

Samtök iðnaðarins efndu til fjölda viðburða á starfsárinu. Viðfangsefni þeirra voru margvísleg og spönnuðu breitt svið. Auk eigin funda og viðburða tóku SI einnig þátt í ýmsum viðburðum í samvinnu við aðra aðila.

Kjósum betra líf

Samtök iðnaðarins lögðu sitt af mörkum í umræðuna í aðdraganda kosninga með margvíslegum hætti. Lögð voru fram fjögur málefni sem skipta atvinnulífið máli undir yfirkriftinni Kjósum betra líf. Efnt var til opins fundar í Kaldalóni í Hörpu þar sem fulltrúum 9 stjórnmálaflokka var boðin þátttaka til að ræða fjögur málefni; starfsumhverfi, innviði, menntun og nýsköpun. Greinar voru birtar auk þess sem auglýsingar birtust í öllum helstu fjölmiðlum og samfélagsmiðlum. Þá var kynningarbæklingur með upplýsingum um málefni fjögur sendur á frambjóðendum sem voru efstir á listum um allt land. Málefni sem sett voru á oddinn rötuðu inn í umræðuna með margvíslegum hætti og náðist því markmiðið að ná eyrum frambjóðenda sem margir hverjir nýttu sér upplýsingarnar frá samtökunum.





Framleiðsluþing SI

Fjölmennt var á fyrsta Framleiðsluþingi SI þegar hátt í 200 manns mættu í Silfurberg í Hörpu. Á þinginu var efnt til umræðu um verðmæti íslenskrar framleiðslu, helstu tækifæri og áskoranir sem íslenskir framleiðendur standa frammi fyrir og hvað væri íslenskt. Á þinginu kom fram að á Íslandi er fjölbreyttur og umfangsmikill framleiðsluiðnaður sem skapar fjölda starfa og mikinn gjaldeyri. Íslensk framleiðsla er einn af burðarásam hagkerfisins þar sem mikilvæg verðmæti verða til og skapa margvísleg margföldunaráhrif. Sérstakur gestur þingsins var Jens Holst-Nielsen, sérfræðingur í alþjóðaviðskiptum hjá Dansk Industri sem gaf innsýn í hvað danskir framleiðendur hafa gert til að skapa vörum sínum sérstöðu innanlands og utan. Efnt var til pallborðsumræðna með iðnaðarráðherra þar sem tæpt var á mörgum þeim málefnum sem skipta íslenskan framleiðsluiðnað mestu máli.



Tækni- og hugverkaping SI

Hugverk, hagkerfið og heimurinn var yfirskrift Tækni- og hugverkapingar SI sem haldið var 13. október fyrir fullum sal í Hvammi á Grand Hótel Reykjavík. Á þinginu var farið yfir helstu málefni sem fylgja fjórðu iðnbyltingunni og var efnt til pallborðsumræðna með fulltrúum stjórnmalaflokkanna og atvinnulífsins.



Innviðir á Íslandi – ástand og framtíðarhorfur

Samtök iðnaðarins í samstarfi við Félag ráðgjafarverkfræðinga stóðu að útgáfu á skýrslu um ástand og framtíðarhorfur innviða á Íslandi. Skýrslan var kynnt á vel sóttum fundi í Kaldalóni í Hörpu 5. október.

Um 70 manns komu að gerð skýrslunnar og er það í fyrsta sinn sem heildstæð skýrsla um ástand innviða hér á landi er gefin út. Í skýrslunni er gerð úttekt á helstu innviðum í tíu köflum sem fjalla um flugvelli, vegi, hafnir, fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, úrgangsmál, orkuvinnslu, orkuflutninga og fasteignir ríkis og sveitarfélaga.



SI viðburðir

- Opinber innkaup — málþing á Grand Hótel Reykjavík
- Útboðsþing á Grand Hótel Reykjavík
- Áfengisframleiðendur í Kviku
- Fundur í Hofi á Akureyri
- Iónþing í Hörpu
- Árshóf í Hörpu
- Ný persónuverndarlöggjöf á Hilton Reykjavík Nordica
- Vaxtarsprotinn í Kaffi Flóru Grasagarði
- Breytingar á mannvirkjalögum í Kviku

- Fundur um vottanir í Kviku
- Persónuverndarfundur í Kviku
- Fundur framleiðenda með Costco í Kviku
- Innviðaskýrsla kynnt í Hörpu
- Kjósnum betra líf, kosningafundur í Hörpu
- Tækni- og hugverkþing á Grand Hótel
- Aðventugleði kvenna á Vox Club
- Framleiðsluþing SI í Hörpu

Viðburðir í samstarfi við aðra

- Litla Ísland með Húsi atvinnulífsins
- Fjórða iðnbyltingin með Iðunni
- Umhverfisdagur atvinnulífsins með Húsi atvinnulífsins
- Norrænn umhverfisfjárfestingasjóður með Íslandsstofu
- Menntamorgunn með Húsi atvinnulífsins
- Styrkir og skattaafsláttur vegna vörupróunar og nýsköpunarverkefna á Akureyri og Reykjavík
- Endurgreiðsla R&P með Tækniþróunarsjóði
- Hvatningarverðlaun Kóðans með RÚV
- Stjórnendur í iðnaði með HR
- Þekking og færni í matvælagreinum með Matvælandinu
- Ecotrophelia Ísland með Matís
- Dagur rafmagnsins með SART, Rafiðnaðarskólanum og Rafiðnaðarsambandi Íslands
- Efnavörur með Umhverfisstofnun

- Forritunarkennsla með HR
- HönnunarMars með FHIF/SAMARK/FÍG
- Rafbílavæðing með SART
- Stefnumót FHIF í samstarfi við Hönnunarmiðstöð, Driftwood og Hönnunarsafn Íslands
- Erlend fjárfesting með Íslandsstofu og SA
- Prentdagurinn á Akureyri með Iðunni
- Prentdagurinn í Reykjavík með Iðunni
- Menntadagur atvinnulífsins með Húsi atvinnulífsins
- Græn straumlínustjórnun með Marion
- Amazing Home Show – Meistarafélag bólstara, Félag íslenskra gullsmíða, Félag íslenskra snyrtifræðinga, Klæðskera- og kjólameistarafélagið
- Fast 50 og Rising Star með Deloitte, FKA og Nýsköpunarmiðstöð

Útboðsþing

Útboðsþing var haldið á Grand Hótel Reykjavík 27. janúar en á fundinum fékkst gott yfirlit yfir helstu útboð opinberra aðila á verklegum framkvæmdum þar sem tíu framkvæmdaaðilar hins opinbera kynntu áformaðar framkvæmdir á árinu.

Dagur prents og miðlunar

Dagur prents og miðlunar var haldinn hátíðlegur þriðja árið í röð föstudaginn 27. janúar að Vatnagörðum 20 í Reykjavík.

Menntadagur atvinnulífsins 2017

Menntadagurinn var haldinn 2. febrúar á Hilton Reykjavík Nordica. Fjöldmörg erindi voru flutt og forseti Íslands afhenti menntaverðlaun atvinnulífsins til Alcoa Fjarðaáls.

Kynningarfundur um styrki

Fullt var út að dyrum á kynningarfundum sem Samtök iðnaðarins stóðu fyrir ásamt fulltrúum Tækniþróunarsjóðs um styrkjaform sjóðsins og umsóknaferli 23. janúar í Húsi atvinnulífsins.

Dagur rafmagnsins

Samtök rafverktaka, Rafiðnaðarskólinn og Rafiðnaðarsamband Íslands stóðu fyrir ráðstefnu í tilefni af degi rafmagnsins 24. janúar á Grand Hótel Reykjavík. Yfirskrift ráðstefnunnar var þekking – Framtíðin – Hvert stefnir?.

Opinber innkaup

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir vel sóttum fundi um opinber innkaup sem fram fór á Grand Hótel Reykjavík. Þar kom meðal annars fram að mörg tækifæri eru til að gera betur í opinberum innkaupum.

UTmessan 2017

UTmessan var haldin í sjöunda sinn í Hörpu í byrjun febrúar. Að venju lögðu mörg þúsund manns leið sína á ráðstefnu og opið hús. Skýrslutækni félagið (Ský) stendur að UT messunni í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands og Samtök iðnaðarins.

Nýsköpunarmót Álklasans

Nýsköpunarmót Álklasans var haldið 23. febrúar í hátíðarsal Háskóla Íslands. Tilgangur mótsins var að kynna árangur af rannsókn- og þróunarverkefnum og ræða hugmyndir að samstarfsverkefnum sem fela í sér tækifæri til framþróunar og verðmætísköpunar í Álklasanum.

Erlendar fjárfestingar

Samtök iðnaðarins, Íslandsstofa og Samtök atvinnulífsins stóðu fyrir opnum morgunverðarfundum um erlendar fjárfestingar 15. febrúar á Grand Hótel Reykjavík. Yfirskrift fundarins var Er erlend fjárfesting á Íslandi blessun eða böll?.



HönnunarMars.

Umræða um Norðurland

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir fjölmennum fundi 8. febrúar í Hofi á Akureyri þar sem rætt var um tækifæri og áskoranir í iðnaði á Norðurlandi.

Íslenska ánægjuvugin

Niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar voru kynntar í 18. sinn 2. febrúar á Grand Hótel Reykjavík.

Framleiðslugreinar á Akureyri

Framleiðsluvið SI fundaði á Akureyri með framleiðslu- og matvælafyrirtækjum á Norðurlandi. Fundurinn var haldinn í Becromal.

Prentdagur á Akureyri

Prentdagurinn á Akureyri fór fram í febrúar hjá Ásprenti þar sem meðal annars var fjallað um straumlínustjórnun og mikilvægi réttra vinnubragða við skurð.

Stefnumót framleiðenda og hönnuða

Félag húsgagna- og innréttnaframleiðenda í samstarfi við Hönnunarmiðstöð og Samtök iðnaðarins efndu til stefnumóts milli framleiðenda, hönnuða, arkitekta og hugmyndafólks. Stefnumótið fór fram 13. febrúar í Hönnunarsafni Íslands.

Iónþing 2017

Hátt í 400 manns tóku þátt í vel heppnuðu Iónþingi sem var haldið í Silfurbergi í Hörpu. Áhugaverðar umræður sköpuðust um uppbyggingu innviða í samgöngum, raforku og fjarskiptum.



Samtök iðnaðarins og Rannís stóðu fyrir kynningarfundum um endurgreiðslu rannsókn- og þróunarkostnaðar 28. mars í Húsi atvinnulífsins.

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir fjölmennum fundi á Hilton Reykjavík Nordica 7. apríl þar sem sérfræðingar á sviði persónuverndar kynntu helstu breytingar sem fylgja nýrri reglugerð Evrópasambandsins um vernd einstaklinga við vinnslu persónuupplýsinga og frjálst flæði slíkra upplýsinga.

HönnunarMars

Samtök iðnaðarins tóku þátt í HönnunarMars í samstarfi við Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda og Samtök arkitektastofa, SAMARK, þegar settar voru upp tvær veglegar sýningar í Hörpu. Fjöldmargir lögðu leið sína á sýningarnar sem stóðu frá fimmtudegi til sunnudags.

Hagkvæmni í íbúðabyggingum

Íbúðalánasjóður og Byggingavettvangur stóðu fyrir málþingi um hagkvæmni í íbúðabyggingum 30. mars í fundarsal íbúðalánasjóðs.

Forritunarkennsla í grunnskólum

SI og HR í samstarfi við GERT verkefnið stóðu fyrir fundi 4. apríl um forritunarkennslu í grunnskólum landsins þar sem rætt var um mikilvægi þess að forritun sé kynnt fyrir ungum nemendum sem undirbúningur fyrir þær breytingar sem framundan eru á vinnu- markaði.

Þekking og færni í matvælagreinum


Samtök iðnaðarins eru aðilar að Samstarfs- vettvangi um Matvælandið Ísland sem stóð fyrir fjölmennri ráðstefnu á Hótel Sögu 6. apríl. Þetta var í fimmta sinn sem ráðstefna af þessu tagi er haldin.

Merkingar á efnavöru

SI, SVP, FA og Umhverfisstofnun stóðu fyrir kynningarfundum um merkingar á efnavöru í Húsi atvinnulífsins 5. apríl.

Breytingar á persónuverndarlögum

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir fjölmennum fundi á Hilton Reykjavík Nordica 7. apríl þar sem sérfræðingar á sviði persónuverndar kynntu helstu breytingar sem fylgja nýrri reglugerð Evrópasambandsins um vernd einstaklinga við vinnslu persónuupplýsinga og frjálst flæði slíkra upplýsinga.





Fast 50 og Rising Star.

Vaxtarsproti ársins

Afhending á vaxtarsprotu ársins fór fram í Kaffi Flóru í Grasagarðinum í Laugardal 24. maí þar sem Kerecis hlaut viðurkenninguna vaxtarsproti ársins. Valka, Kvíkna og TeqHire hlutu einnig viðurkenningar. Þetta var í 11. sinn sem viðurkenningar voru veittar.

Amazing Home Show

Samtök iðnaðarins voru meðal styrktaraðila heimilissýningarinnar Amazing Home Show sem opnuð var í Laugardalshöllinni 19. maí. Fjögur fagfélög innan Samtaka iðnaðarins voru þátttakendur á sýningunni, Meistarafélag bólstara, Félag íslenskra gullsmiða, Félag íslenskra snyrtifræðinga og Klæðskera- og kjólameistarafélagið.

Verðmæti í vottun

Eru verðmæti í vottun? var yfirskrift fundar sem Samtök iðnaðarins stóðu fyrir í Húsi atvinnulífsins 8. júní þar sem meðal annars voru kynntar niðurstöður könnunar meðal félagsmanna SI um vottanir og nýsköpun.

Kynning á Tækniþróunarsjóði

Fjölmennt var á fundi Rannís og Samtaka iðnaðarins sem haldinn var 17. ágúst í Húsi atvinnulífsins þar sem Tækniþróunarsjóður var kynntur.

Breytingar á mannvirkjalögum

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir kynningarfundum um fyrirhugaðar breytingar á mannvirkjalögum 22. ágúst í Húsi atvinnulífsins.

Fjórða iðnbýltingin

IÐAN fræðslusetur og Samtök iðnaðarins stóðu fyrir fræðslufundaröð um fjórðu iðnbýltinguna. Boðið var upp á fjölmörg erindi á fjórum fundum sem haldnir voru í húskynnum IÐUNNAR.

Málþing um bygginga- og mannvirkjageirann

Byggingavettvangurinn stóð fyrir málþingi um framleiðni, soun og straumlinustjórnun í bygginga- og mannvirkjageiranum 21. september á Hilton Reykjavík Nordica.

Nordic Scalars

Icelandic Startups í samstarfi við Samtök iðnaðarins efndu til fundar í Húsi atvinnulífsins 13. september þar sem verkefnið Nordic Scalars var kynnt.

Stuðningur við nýsköpun

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir tveimur fundum í september fyrir framleiðslufyrirtæki á Akureyri og í Reykjavík þar sem fjallað var um stuðning við nýsköpun. Góð mæting var á fundina þar sem farið var yfir helstu sjóði sem bjóða styrki sem henta framleiðslufyrirtækjum.

Umhverfisdagur atvinnulífsins

Umhverfisdagur atvinnulífsins var haldinn 12. október á Hilton Reykjavík Nordica og var að þessu sinni helgaður loftslagsmálum.

Íslenskir bjórframleiðendur

Samtök iðnaðarins og Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, FVH, stóðu fyrir fundi þar sem íslensk bjórframleiðsla var til umfjöllunar undir yfirskriftinni Er business í bjórframleiðslu?.

Fast 50 og Rising Star

Afhending á viðurkenningum Fast 50 og Rising Star fór fram á Nauthól 12. nóvember en um er að ræða samstarf Deloitte, Samtaka iðnaðarins, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Félags kvenna í atvinnulífinu. Fyrirtækið Guide to Iceland ehf. varð efst á Fast 50 listanum og fimm svonefnd Rising Star fyrirtæki voru Platome líftækni, SidekickHealth, Activity Stream, DTE og Kara Connect. Sérstök dómnefnd sérfræðinga valdi fyrirtækin DTE og Platome líftækni sem sigurvegara þetta árið.

Allar á iði – aðventugleði kvenna í iðnaði

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins, bauð í fjórða sinn konum í iðnaði til aðventugleði í nóvember á Vox Club. Fundurinn var með léttu yfirbragði en markmiðið er að konur, sem starfa í iðnaði hittist til að ræða saman og tengjast. Fram komu auk Guðrúnar, Fíða Abu Libdeh, frumkvöðull og eigandi GeoSilica Iceland, Saga Garðarsdóttir, uppistandari, og Hildur Vala, söngkona. Allar konur í fyrirtækjum SI voru boðnar velkomnar.

Litla Ísland

Samtök í Húsi atvinnulífsins stóðu fyrir fræðslufundaröð undir hatti Litla Íslands um kjaramál og vinnurétt, markaðsmál, skipulag, samninga, markmiðasetningu og bókhald. Litla Ísland er vettvangur þar sem smá fyrirtæki vinna saman óháð atvinnugreinum. Fundirnir fóru fram í nóvember og desember í Húsi atvinnulífsins.

Heimsóknir til félagsmanna

Á árinu heimsóttu stjórn og starfsmenn SI fjölmörg aðildarfyrirtæki.

Tilgangur heimsóknanna er að efla tengsl við félagsmenn þar sem tækifæri gefst til að heyra hvað efst er á baugi og hverjar helstu áskoranirnar eru í starfsemi.



Össur.



Set.



Fjölbraut í Breiðholti, FB.



Oddi.



Nói Sírius.



Járnsmiðja Óðins.



Elkem á Íslandi.



Búrfellsvirkjun.



Snyrtistofan Ágústa.

SI er sterkur bakhjarl

Samtök iðnaðarins koma að framkvæmd og styrkja margskonar verkefni í samstarfi við aðra í þeim tilgangi að styðja fjölbreytt málefni sem varða hag íslensk iðnaðar.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands eru veitt árlega þeim námsmönnum sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefnis sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins styrkja Nýsköpunarsjóð námsmanna við veitingu Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands.

Food and Fun

Matarhátíðin Food and Fun var haldin í sextánda sinn í mars. Af því tilefni fengu fjöldi veitingahúsa til sín erlenda matreiðslumeistarar sem allir eiga það sameiginlegt að hafa vakið athygli fyrir framúrskarandi hæfileika í heimalandi sínu. Samtök iðnaðarins voru meðal bakhjarla Food and Fun.

Stelpur og tækni

Girls in ICT Day er hluti af alþjóðlegu átaki og haldið undir nafninu Stelpur og tækni. Að verkefninu standa Háskólinn í Reykjavík, Skýrslutæknifélag Íslands og Samtök iðnaðarins. Um fjögur hundruð stelpur úr grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu og Austurlandi heimsóttu HR og fjölda tæknifyrirtækja. Verkefnið vekur áhuga á fjölbreyttum möguleikum í tækninámi og störfum þar sem áherslan er lögð á að sýna fyrirmyndir í tæknigeiranum og brjóta niður staðalímyndir.

GERT

GERT (verkefni um að grunnenntun verði efið í raunvísindum og tækni), sem var að ljúka sínu fjórða starfsári, er samstarfsverkefni SI, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga með það að markmiði að efla áhuga nemenda í grunnskóla á raunvísindum og tækni og jafnframt kynna fyrir þeim verk- og iðnmenntun ásamt störfum sem því tengjast. Heimasíða verkefnisins er www.skolarogtaekni.is. Fjöldi skóla og fyrirtækja hefur tekið þátt í verkefninu en unnið er markvisst með fyrirtækjaheimsóknir skólabarna og kynningu á störfum.

Forritarar framtíðarinnar

Sjóðurinn „Forritarar framtíðarinnar“ er samfélagsverkefni sem hefur það hlutverk að efla forritunar- og tæknimenntun í grunn- og framhaldsskólum landsins með því að bjóða styrki til tækjabúnaðar og þjálfunar kennara. Um er að ræða samstarfsverkefni Skema, RB og aðila atvinnulífsins.

Microbit

Samtök iðnaðarins, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Menntamálastofnun og RÚV tóku höndum saman um að halda áfram með átaksverkefni sem sett var á laggirnar 2016 með það að markmiði að efla forritunarkunnáttu íslenskra barna. Verkefnið felst í því að Microbit, forritanleg smátölva, er gefin öllum grunnskólabörnum í 6. bekk. Eft var til forritunarleikanna, Kóðinn 1.0, sem hýst er á vef RÚV.



Microbit.

BOXIÐ – Framkvæmdakeppni framhaldsskólanna

BOXIÐ – framkvæmdakeppni grunnskólanna er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Háskólans í Reykjavík og Sambands íslenskra framhaldsskólanema. Markmið með Boxinu er að kynna og vekja áhuga nemenda í framhaldsskólum á verk- og tækninámi og fjölbreyttum störfum í iðnaði. Átta lið fóru á milli brauta og leystu ólíkar þrautir á hverjum stað en fyrirtæki úr ólíkum greinum iðnaðarins hönnuðu þær í samstarfi við fræðimenn Háskólans í Reykjavík. Lið MH vann BOXIÐ 2017, annað árið í röð.

Verk- og tækninám – Nema hvað!

Samtök iðnaðarins og BÍlgreinasambandið sendu kynningarefni til allra 9. bekkja um þá möguleika sem standa nemendum til boða innan verk- og tæknigreina. Um er að ræða markpóst þar sem vísað er inn á vefsíðuna www.nemahvad.is þar sem eru myndbönd og upplýsingar um nám og skóla.

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda (NKG) er hugmyndasamkeppni fyrir nemendur í 5., 6. og 7. bekk í grunnskóla. Undirbúningur í skólum landsins fer fram samhliða skólaárinu. NKG hefst á haustin og lýkur á vorin með vinnusmiðju þar sem þátttakendur í úrslitum fá tækifæri til að útfæra hugmyndir sínar frekar með aðstoð leiðbeinenda frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Samtök iðnaðarins eru meðal bakhjarla keppinnar.

Fjöreggið 2017

Fjöreggið var afhent á Matvæladegi MNI sem haldinn var í október. Viðurkenningin hefur frá upphafi verið veitt með stuðningi frá Samtökum iðnaðarins. Grímur kokkur hlaut Fjöreggið 2017.

Skúlaverðlaun

Skúlaverðlaunin eru veitt fyrir besta hlutinn í sýningunni Handverk og hönnun. Samtök iðnaðarins gefa verðlaunin sem kennd eru við Skúla Magnússon, fógeta og frumkvöðul smáíðnaðar í Reykjavík. Það var Erla Svava Sigurðardóttir sem hlaut verðlaunin fyrir þrjónaða kanínu fyrir börn.

Team Spark

Samtök iðnaðarins eru bakhjarl Team Spark. Team Spark er lið verkfræðinema við Háskóla Íslands sem hanna og smíða rafkappakstursbíla til keppni á alþjóðlegum vettvangi í „Formula Student“ keppninni þar sem lið frá mörgum af bestu tækniháskólum heims keppast um að smíða besta kappakstursbílinn.

Ecotrophelia Ísland


Samtök iðnaðarins, Matis, Háskóli Íslands og Nýsköpunarmiðstöð eru aðilar að Ecotrophelia Europe sem er alþjóðleg keppni um nýsköpun í vistvænni matvælaframleiðslu.

Hönnunarverðlaun Íslands

Hönnunarverðlaun Íslands voru afhent í Iðnó. Bláa lónið fékk viðurkenningu fyrir bestu fjárfestingu í hönnun. Hönnunarmiðstöð Íslands stendur að verðlaununum, í samstarfi við Hönnunarsafn Íslands, Listaháskóla Íslands, Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins.

Framfarasjóður SI

Framfarasjóður SI styrkti tvö verkefni á árinu en tilgangur sjóðsins er að skapa farveg sem styður við og þróa framfarum tengd iðnaði. Fimm milljóna króna styrkur fór til verkefnis um þróun rafrænna ferlibóka sem unnið var af Tækniskólanum í samstarfi við aðra framhaldsskóla, Fræðsluskrifstofu rafíðnaðarins, Menntamálastofnun og Advania.



#kvennastarf

Tækniskólinn og Samtök iðnaðarins í samstarfi við alla iðn- og verkmenntaskóla á landinu stóðu að baki herferðinni #kvennastarf. Markmiðið með áttakinu var að vekja athygli á því að kynferði á ekki að hafa áhrif á námsval eða starfsvettvang þar sem hefðbundin verkaskipting kynjanna er orðin úrelt og á ekki lengur við í nútímasamfélagi. Ekkert starf er kvennastarf heldur geta konur starfað við það sem þeim sýnist og það sama gildir um karlmenn. Iðn- og verkmenntaskólar á Íslandi stefna á að fjölga fagmenntuðu fólki þannig að 25% grunnskólanema velji starfmenntun árið 2025 og 30% árið 2030. Áttakinu fylgir vefsíðan kvennastarf.is.



Boxið.



Team Spark.





Mannvirkjasvið

Á mannvirkjasviði SI fer fram öflugt starf í þágu fyrirtækja sem starfa í bygginga- og mannvirkjagerð. Fjöldmörg fagfélög og starfsgreinahópar starfa á sviðinu; SAMARK – samtök arkitektastofa, FRV – Félag ráðgjafarverkfræðinga, Félag vinnuvélaeigenda, Mannvirki – Félag verktaka og Meistaradeild SI sem samanstendur af félögum iðnmeistarara: Félag blikksmiðjueigenda, Félag dúklagninga- og veggfóðrarmeistarara, Meistarafélag byggingarmanna í Vestmannaeyjum, Félag skróðgarðyrkjumeistarara, Málara-meistarafélagið, Meistarafélag byggingarmanna á Norðurlandi, Meistarafélag húsasmiða, Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði, Meistarafélag Suðurlands, Meistarafélag byggingarmanna á Suðurnesjum, Múrarmeistarafélag Reykjavíkur og Samtök rafverktaka.

Íbúðatalning

Íbúðatalning Samtaka iðnaðarins fer fram tvisvar á ári þar sem starfsmenn samtakanna telja íbúðir í byggingu. Þessi talning er mikilvæg vísbending um framboð húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu á komandi misserum en talningin í nóvember sýndi tæplega 15% aukningu í nýbyggingum.

Útboðsþing

Útboðsþing Samtaka iðnaðarins er árlegur viðburður sem veitir félagsmönnum mikilvæga innsýn inn í stór verkefni á árinu sem frumundan eru en þingið hefur verið haldið að frumkvæði Mannvirkis, félagi verktaka, og Félagi vinnuvélaeigenda.

Innviðir á Íslandi

Skýrslan Innviðir á Íslandi – ástand og framtíðarhorfur var unnin í samstarfi Samtaka iðnaðarins og Félags ráðgjafarverkfræðinga. Þetta er í fyrsta sinn sem heildstæð skýrsla um ástand innviða hér á landi er gefin út og vakti útgáfan mikla athygli.

Yngri ráðgjafar

FRV stofnaði á árinu nýja deild innan félagsins sem nefnist Yngri ráðgjafar, YR. Þar eru ráðgjafar sem eru yngri en fjórutíu ára. Fyrirmyndin er sótt til systurfélaga FRV en víða erlendis eru starfandi sambærilegar deildir undir heitinu Young Professionals. Markmið og tilgangur starfsins er að efla tengslamyndun og fræðslu ráðgjafa innan FRV sem eru undir fertugum.

Fundur um rafræna stjórnsýslu

Lögð hefur verið áhersla á einföldun regluverks, starfsemi eftirlitsaðila og rafræna stjórnsýslu. Samtök arkitektastofa, SAMARK, hélt félagsfund með Mannvirkjastofnun um rafræna stjórnsýslu í tengslum við byggingarleyfisumsóknir með svokallaðri Byggingargátt Mannvirkjastofnunar sem nú er verið að þróa og áætlað er að taka í notkun á árinu. SAMARK tók auk þess þátt í vinnu með fulltrúum Félags ráðgjafarverkfræðinga, FRV, varðandi endurskoðun á ÍST-35 samnings-skilmálar um hönnun og ráðgjöf. Vinnan er nú búin og frumvarpið er í auglýsingu.

Hönnunarmars

SAMARK tók þátt í Hönnunarmars á árinu með glæsilegri sýningu félagsmanna í Hörpu. Yfirskrift sýningarinnar var Virðisaukandi arkitektúr með ellefu verkefnum arkitektastofa. Á sýningunni voru sýnd dæmi um byggingar, borgarrými og landslag sem eiga þátt í að skapa betri ramma um daglegt líf okkar og þar með aukið virði fyrir alla.

Fjöldmörg hagsmunamál

Á mannvirkjasviði SI hefur auk þess verið fjallað um málefni er varða menntun, skort á faglærðu fólki, kennitölufлак, innleiðingu keðju-ábyrgðar, heilbrigðisvottorð fyrirtækja og lækkun tryggingagjalds. Stjórn Félags ráðgjafarverkfræðinga, FRV, sendi m.a. frá sér ályktun og skoraði á stjórnvöld að lækka tryggingagjaldið. Þá hefur endurmenntun bílstjóra verið mikið til umræðu meðal félagsmanna í

Félagi vinnuvélaeigenda. Þá var unnin álitgerð lögmanna að ósk samtakanna varðandi gjaldheimtu Reykjavíkurborgar í formi innviða-gjalds. Niðurstaða álitgerðarinnar var sú að um ólögmætt gjald væri að ræða og hafa samtökin haldið þeirri umræðu gangandi og gagnrýnt gjaldtökuna áfram.

Mannvirkjaráð SI

Mannvirkjaráð SI samanstendur af fulltrúum allra starfandi fagfélaga á sviðinu auk þess sem stjórnarmenn SI í mannvirkja- og byggingar-iðnaði sitja fundi hverju sinni. Tilgangur ráðsins er meðal annars að vinna að því að mannvirkjageirinn tali einni röddu út á við og stendur til að efla ráðið og vægi þess á nýju ári með stefnumótun og for-gangsröðun nauðsynlegra verkefna fyrir alla sem starfa í greinum. Þá er ráðinu ætlað að vera vettvangur góðra hugmynda um verkefni eða hvaðeina sem SI getur unnið að mannvirkjageiranum til framdráttar og vera vettvangur sem einstakir félagsmenn eða undirsamtök geta beint erindum sem þeir telja að varði mannvirkjageirann allan.

Meistaradeild SI

Meistaradeild SI, MSI, samanstendur af fulltrúum allra fagfélaga meistarara og hefur deildin sameiginlega fulltrúa í Mannvirkjaráði SI. Á fundum Meistaradeildar er fjallað um mál sem snerta heildina. Málefni MSI eru margvísleg og má þar t.d. nefna vinnu við endurskoðun mannvirkjalaga og byggingareglugerða en á árinu unnu samtökin umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 160/2010 um mannvirki. Í umsögninni kemur fram að samtökin fögnuðu að mestu þeim breytingum sem fram komu en að það hefði mátt ganga lengra. Samtökin lýstu þó yfir vonbrigðum með að ekki hefði verið tekið á fleiri atriðum við endurskoðun laganna. Þá hefur einnig mikið verið fjallað um lögverndun starfa og iðnaðarlög, útboðsmál, útgáfa öryggishandbóka og notkun þeirra á vinnustað hvað varðar áhættumat og áhættugreiningar.

Samtök rafverktaka

Samtök rafverktaka, SART, stóðu fyrir ráðstefnu um rafbílavæðingu hér landi auk þess sem félagið hefur komið að vinnu varðandi uppbyggingu innviða og tengistaði rafbíla. Þá hefur félagið í samstarfi við Rafiðnaðarsamband Íslands gefið nemendum í rafíðngreinum spjaldtölvur fyrir námið en verkefnið hófst árið 2016. Mikil ánægja er meðal nemenda með spjaldtölvurnar og ljóst að gjöfin kemur sér vel fyrir þá. Það er einnig verðmætt fyrir nemendur að geta notað gjaldfrjálst efni við námið.

Meistarafélag byggingarmanna í Vestmannaeyjum

Meistarafélag byggingarmanna í Vestmannaeyjum var endurvakið á árinu. Mikil uppbygging á sér stað í Vestmannaeyjum og því líf og fjör í byggingariðnaðinum þar. Félagið starfar nú innan Meistaradeildar SI og nýtur nábylis annarra meistarafélaga. Menntamálin voru fundarmönnum hugleikinn og mikill áhugi er á að leiða þau mál þannig til lykta að ungrir Vestmannaeyingar geti aflað sér iðnmenntunar á sem þægilegasta máta.



Hugverkasvið



Undir hugverkasvið SI heyrna 7 félög tækni- og hugverkafyrirtækja: Samband Íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Samtök gagnavera, Samtök heilbrigðisiðnaðar, Samtök leikjafframleiðenda, Samtök sprotafyrirtækja, Samtök líftækniyrirtækja og Samtök upplýsingatækniyrirtækja.

Hugverkaráð SI

Hugverkaráð SI var upphaflega sett á lagginnar þann 4. mars 2016. Hlutverk ráðsins felst aðallega í því að styrkja þau málefni sem eru sameiginleg fyrirtækjum sem starfa á alþjóðamörkuðum og byggja afurðir sínar og þjónustu á tækni og hugverki. Markmiðið er að efla samkeppnishæfni hugverka- og tækniyrirtækja á Íslandi með því að vera leiðandi afl í hagsmunum- og stefnumálum þeirra. Hugverkaráð SI skipa 7 fulltrúar og 7 varafulltrúar, til tveggja ára í senn. Áherslumál ráðsins snúa meðal annars að hækkingu á hámarksendurgreiðslu á rannsóknar- og þróunarkostnaði, skattahvötum við fjárfestingu í nýsköpun, að auðvelda erlendum sérfræðingum að flytja til Íslands, efla gagnatengingar til að gera landið að áhugaverðum kosti fyrir nýsköpun, gagnavinnslu og gagnaver og að efla og gera skólakerfið samkeppnishæft.

Tækni- og hugverkagreinar

Félög tækni og hugverkagreina funduðu reglulega á árinu og unnu ótullega að hagsmunamálum fyrirtækjanna.

Samtök sprotafyrirtækja, SSP, vinna að hagsmunum- og stefnumálum sprotafyrirtækja og taka virkan þátt í að móta stefnu markvissrar þróunar hátækniðnaðar á Íslandi. Á árinu 2017 var unnið eftir framtíðarsýn SSP til ársins 2020 og skilgreindar forsendur og áhersluverkefni til að koma henni í framkvæmd. Stjórn SSP lagði höfuðáherslu á að hvetja stjórnvöld til að slípa umgjörð skattahvata við fjárfestingu í nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi og að hækka endurgreiðsluhlutfall vegna útgjalda til rannsókna og þróunar. Áfram er unnið að þeim málum.

Samtök gagnavera, DCI, ásamt samstarfsaðilum, fengu KPMG til að vinna skýrslu um samkeppnishæfni Íslensks gagnaversiðnaðar og kom skýrslan út á þessu ári. Áhersla er lögð á að efla gagnatengingar og beita sér fyrir breytingum á raforkumarkaði ásamt öðrum áherslumálum sem snúa að því að efla samkeppnishæfni Íslensks gagnaversiðnaðar.

Samtök íslenskra líftækniyrirtækja, SÍL. Starfsemi SÍL var í lágmarki árið 2017.

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, SÍK, beitti sér fyrir hækkingu framlags í Kvikmyndasjóð og breytingum á ferli við endurgreiðslur framleiðslukostnaðar. SÍK leggur áherslu á að efla mynd kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðar á Íslandi.

Samtök heilbrigðisiðnaðarinnar, SHI, hafa lagt áherslu á að efla samstarf við aðila á heilbrigðissviðinu með auknum tengslum við stjórnvöld, heilbrigðisstofnanir og önnur fyrirtæki á heilbrigðissviði með bættu þjónustu, hagræðingu, verðmætasköpun og útlutning að leiðarljósi. Náði samstarf var við Íslandsstofu árið 2017, að mestu í tengslum við norræn verkefni á sviði heilbrigðisiðnaðar.

Samtök leikjafframleiðenda, IGI, lögðu á árinu áfram áherslu á að styrkja tengsl við grasrótina í leikjaiðnaðinum, endurskoða samstarf IGI í norrænu samhengi og að efla greiningar og framtíðarspár fyrir leikjaiðnaðinn. IGI tóku þátt í SLUSH ráðstefnunni sem haldin var í Helsinki síðastliðið haust.

Samtök upplýsingatækniyrirtækja, SUT, hafa haft það að markmiði undanfarin ár að gera upplýsingatækni að áhugaverðasta iðnaði landsins og hafa m.a. lagt áherslu á menntamál og hvata til að laða erlenda sérfræðinga til landsins í því sambandi. SUT tóku þátt í ýmsum viðburðum á árinu 2017, m.a. UTmessunni og Microbit verkefninu.



Framleiðslusvið

Undir framleiðslusvið SI heyrta fyrirtæki af fjölbreyttum toga sem fást við framleiðslu og þjónustu. Fyrirtækin starfa saman í starfsgreinahópum og einstökum málefnum sem snerta rekstur þeirra. Þótt fyrirtækin séu ólík eru mörg mál sem sameina þau, til dæmis áhersla á aukna framleiðni, framfarir í umhverfismálum og bætt rekstrarskilyrði.

Framleiðsluráð SI

Árið var viðburðarríkt hjá Framleiðsluráði enda fyrsta starfsár þess. Á Framleiðsluþingi SI sem haldið var í desember var fjallað um virði vörumerkisins Íslands, orðspor framleiðslu, og afstöðu almennings og opinberra aðila til íslenskrar vöru. Kynntar voru hagtölur framleiðslugreina sem endurspeglar mikilvægi greinarinnar í þjóðarþúinu. Í viðhorfskönnun sem ráðið lét framkvæma, kom fram að Íslendingar eru almennt jákvæðir í garð framleiðsluvara og fyrirtækja. Í könnun sem gerð var meðal félagsmanna SI kom í ljós að mörg framleiðslufyrirtæki eru með gæðakerfi og stór hluti þeirra með vottanir. Í sömu könnun var spurt um stöðu rannsókna og nýsköpunar hjá framleiðslufyrirtækjum og í ljós kom að afar fá þeirra nýta sér skattendurgreiðslur á því sviði. Í framhaldi af þessu voru haldnir kynningarfundir á Akureyri og í Reykjavík, í samstarfi við Rannís, til að kynna styrki og endurgreiðslur fyrir framleiðslufyrirtækjum.

Stöðuleyfi fyrir gáma

Samtökin skoðuðu gjaldtöku sveitarfélaga vegna stöðuleyfa fyrir gáma og aðra lausafjarmuni. Samtökin töldu sum sveitarfélög ganga of langt með því að taka gjald fyrir hvern gám þó þeir væru staðsettir saman á lóð. Einnig töldu samtökin framkvæmd gjaldtökunnar ábótavant, m.a. að reikningur var sendur án þess að sótt væri um stöðuleyfi. Mannvirkjastofnun gaf út leiðbeiningar á árinu þar sem tekið var undir sjónarmið SI, m.a. um að leyfið skyldi vera gefið fyrir hverja lóð, óháð fjölda gáma. Þeim tilmælum hefur verið beint til sveitarfélaga að virða leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar.

Leyfisferli framkvæmda

Leyfisferli framkvæmda var til umfjöllunar vegna ágreinings um lagningu raforkustrengja. Samtökin beindu athygli að nauðsyn þess að taka nógildandi leyfisferli framkvæmda til endurskoðunar til að stuðla að meiri skilvirkni. Tryggja þarf að ágreiningsmál séu leyst snemma í ferlinu og kærur komi tímanlega fram svo úrskurðar megi í deilumálum. Í því samhengi þarf að horfa á mat á umhverfisáhrifum, framkvæmdaleyfi og aðra opinbera meðferð sem þarf fyrir framkvæmdir. Það er hagur allra að lágmarka óvissu í framkvæmdum af hvaða toga sem þær eru. Með markvissara ferli væri hægt að draga úr óþarfa töfum og kostnaði.

Niðurfelling tolla

Gagnkvæmur samningur um niðurfellingu tolla af vörum sem innihalda landbúnaðarhræfni, sem íslenska ríkið gerði við Evrópusambandið í september 2015, mun hafa margvísleg neikvæð áhrif á íslenska matvælaframleiðendur. SI og aðildarfélög beittu sér fyrir því að stjórnvöld gripu til mótvægisáðgerða til að draga úr neikvæðum áhrifum samningsins. Samningurinn tekur gildi 1. maí 2018.

Íslensk hönnun og framleiðsla á Bessastöðum

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, tók áskorun framkvæmdastjóra SI um að á Bessastöðum væri sýnileg íslensk hönnun og framleiðsla. Í framhaldi af áskoruninni bauð forseti formanni og framkvæmdastjóra SI til fundar á Bessastöðum. Sett hefur verið í gang verkefni sem miðar að því að íslensk hönnun og framleiðsla verði sýnileg á Bessastöðum.

Á árinu voru fjölmargir viðburðir og verkefni sem framleiðslusvið SI tengdist, meðal þeirra voru:

- Fjögur fagfélög innan Prýði tóku þátt í heimilissýningunni Amazing Home Show í Laugardalshöllinni; Meistarafélag bólstara, Félag íslenskra gullsmiða, Félag íslenskra snyrtifræðinga og Klæðskera- og kjólameistarafélagið.
- Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda og Samtök arkitektastofa, SAMARK, tóku þátt í HönnunarMars með sýningu í Hörpu.
- Ráðstefna Matvælandalsins – þekking og færni í matvælagreinum.
- Matvæladagur og afhending á fjöregginu.
- Ecotrophelia keppni þar sem mauk úr vannýttu grænmeti sigraði og öðlaðist rétt til að keppa í Evrópukeppni.
- Landssamband bakameistarara, LABAK, afhenti forsetafrúnni Elízu Reid fyrstu Köku ársins. Þá stóð LABAK fyrir sölu á brjóstabollum til styrktar krabbameinsrannsóknum. Einnig var efnt til berjadaga í bakaríum landssambandsins. Á árinu tók landslið bakara þátt í Norðurlandakeppni í bakstri í Stokkhólmi.
- Kennsla í kjötiðnaði lagðist af vegna líttillrar aðsóknar á árinu 2016. SI efndu til fundar með hagsmunaaðilum í greininni og tóku þátt í að kynna nám og störf kjötiðnaðarmanna á Íslandsmóti iðngreina. Kennsla í greininni er nú hafin að nýju.
- Endurvinnsluáttak kertaljósa þar sem hvatt var til þess að áli úr sprittkertum væri safnað.
- Á árinu bauð SI félagsmönnum í framleiðsluðnaði til fundar með fulltrúum Costco.



Lögfræðileg málefni

Samtök iðnaðarins veita félagsmönnum ráðgjöf og aðstoð í lögfræðilegum málefnum. Í því felst að fyrirtæki, samtök fyrirtækja eða starfsgreinahópar SI geta leitað til lögfræðings SI þegar lögfræðilegt álitaefni kemur upp. Álitaefnin eru fjölbreytt og geta varðað sértæk álitaefni einstakra fyrirtækja eða málefni starfsgreina eða iðnaðarins í heild.

Á árinu voru veittar umsagnir í eftirtöldum málum:

Alþingi

- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak
- Frumvarp til breytinga á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla
- Frumvarp til breytinga á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands o.fl.
- Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna heitis Einkaleyfisstofunnar
- Frumvarp til laga um breytingar á lögum um umgengni um nýjastofna sjávar o.fl.
- Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2018
- Þingsályktunartillaga um fjármálaáætlun fyrir árin 2018 til 2022
- Þingsályktunartillaga um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða

Ráðuneyti

- Drög að frumvarpi um Þjóðskrá Íslands
- Drög að frumvarpi til breytinga á lögum um fjarskipti
- Drög að frumvarpi til laga um breytingu á búvörulögum og búnaðarlögum
- Drög að breytingum á byggingarreglugerð
- Drög að reglugerð um birtingu niðurstaðna vegna eftirlits með áburði og fóðri
- Drög að reglugerð um starfrækslu fjarstýrðra loftfara
- Drög að reglugerð um innkaup aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu

Umsagnir SI má finna á vef samtakanna, www.si.is.



Gæðastjórnun



Félagsmönnum Samtaka iðnaðarins býðst aðgangur að gæðakerfi SI sem hægt er að sérsníða fyrir hvern notanda og aðlaga gæðakerfið að þörfum viðkomandi fyrirtækis. Aðgangur að gæðakerfi SI gefur notendum jafnframt möguleika á að endurnýja helstu Office-forritin, svo sem Word, Excel og Outlook og fá netfang með nafni fyrirtækisins með endingunni @gsi.is án aukakostnaðar. Þá geta félagsmenn leitað í reynslu- og gagnabanka SI sem inniheldur m.a. allnokkuð safn af hjóðglærum og öðru efni á vefsíðu SI. Samtökin eiga jafnframt í góðu samstarfi við IÐUNA fræðslusetur varðandi námskeiðshald um rekstur, stjórnun og kennslu á tölvur til notkunar við gæðastjórnun.

Fjöldmörg fyrirtæki með vottun frá SI

Fjöldmörg fyrirtæki hafa nýtt sér áfangaskiptar gæðastjórnunarvottanir SI. Vottunum er ætlað að hvetja stjórnendur til að líta upp úr daglegu amstri og íhuga hvort ekki megi hagræða, einfalda og betrubæta í rekstri og rekstrarumhverfi. Alls hafa um 50 fyrirtæki nýtt sér þessa aðferðafræði á ýmsum stigum og ýmsum starfsgreinum sem á við á öllum sviðum framleiðslu, þjónustu og mannvirkjagerðar. Áfangaskipt gæðavottun SI er aðgengileg aðferð til að bregðast við aukinni samkeppni og hentar þeim sem vilja beita sér fyrir því að reka betri og arðvænni fyrirtæki.

Gæðavottunarkerfi SI er áfangaskipt og er D-vottun fyrsti hlutinn af fjórum áföngum. Með vottunarkerfinu er stefnt að því að gera rekstur fyrirtækja skilvirkari. Í því skyni fer fyrirtækið í gegnum stefnumótun þar sem afkoma hvers verks eða vöru er skilgreind með það að markmiði að auka framleiðni og hagnað fyrirtækisins. C-vottun er annar hluti gæðavottunarkerfis SI og staðfestir að reksturinn er í góðum höndum, studdur með öflugri verkþókhaldi, góðri skipulagningu og með mikla sérstöðu varðandi áherslur í öryggis- og heilbrigðismálum. Að því loknu tekur við B vottun og lokaáfangi er náð með A vottun.

Ásýnd í miðlum



Aukin ásýnd SI í fjölbreyttum miðlum


Samtök iðnaðarins hafa lagt áherslu á að gera samtökin sýnileg. Í því augnamiði hefur vefur samtakanna verið uppfærður með áherslu á fréttaflokkun af starfsemi samtakanna. Lögð hefur verið áhersla á greinaskrif til að koma sjónarmiðum samtakanna á framfæri auk þess sem unnið hefur verið markvisst að því að efla sýnileika í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum.

Þetta er liður í því að sýna fjölbreytileika starfa í iðnaði, verðmætin og gott líf sem þau skapa fyrir samfélagið.


Vefur SI – fleiri fréttir og aukin umferð

Í október var opnaður nýr vefur Samtaka iðnaðarins á vefslóðinni si.is. Á árinu voru settar inn 486 fréttir í samanburði við 280 fréttir árið á undan eða 74% fleiri. Vefurinn fékk 114.943 heimsóknir eða 39% fleiri en árið á undan. Notendur voru 66.692 sem er 27% fleiri en árið á undan. Í greiningu fyrir heimsóknir á vef samtakanna kemur í ljós að flestar heimsóknir eru á miðvikudögum, 70% heimsóknna koma frá tölvum, 24% frá snjallsímum og 6% frá spjaldtölvum. Fréttasafnið á vefnum er vinsælasti síðuflokkurinn.


Fjöldi heimsókna á vef SI




Heimsóknir á vef SI eftir vikudögum



Heimsóknir á vef SI eftir tækjum




Vinsælustu síðurnar á vef SI



Samfélagsmiðlar

Samtök iðnaðarins eru á **Facebook** þar sem tæplega 3.200 líkar við samtökin. Á árinu voru settar inn 575 færslur eða um 2–3 færslur hvern virkan dag.


Einnig hafa samtökin komið sér upp á sýnd á **Instagram** þar sem birtar hafa verið myndir með reglubundnum hætti. Á árinu 2017 voru birtar 72 myndir og 544 hjörtu voru gefin. Fylgjendur eru 88.



Stóraukin fjölmiðlaumfjöllun

Samtök iðnaðarins voru mjög sýnileg í fjölmiðlum á árinu og hafði umfjöllun aukist um 46% milli ára 2016 og 2017. Á árinu 2017 birtust 906 fréttir/greinar í samburði við 620 fréttir árið á undan. Mest var umfjöllunin í netmiðlum (55%) og prentmiðlum (38%). Sjónvarp/útvarp og sérvefir voru 6%.

Umfang umfjöllunar eftir tegundum fjölmiðla 2017



Íslenskur iðnaður
Samtök iðnaðarins

Talning SI sýnir aukningu í nýbyggingum
Í byggingu eru nú 3.734 húðir á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt nýrri talningu Samtaka iðnaðarins. Það eru 15% færri húðir en voru í byggingu í síðustu menningu.

Kjósium betra líf
Samtök iðnaðarins lögðu stíl af mörkum til umhverfunar í aðföngunda lönging og vöxtu atvugi á þess máláttum sem leiðir eru fyrir samkeppnishættu íslensks iðnaðar. Meðal annars var forystufólki stjórnmálafélkanna boðið til samtala á opnum fundi í Kattalóni í Höfu.

Íslenskur iðnaður
1. október 2017

Mötum framtíðina saman
Íslenskur iðnaður er forsenda lífsgræða í landinu

Fréttabréf SI
Á árinu voru send út 11 rafræn fréttabréf og 1 prentað. Rafrænt fréttabréf fór út í lok hvers mánaðar á félagsmenn að undanskildum júlímánuði. Prentaða fréttabréfið var sent með pósti í september.

Samtök iðnaðarins eru með **Vimeo** aðgang þar sem geymd eru 111 myndbönd. Á árinu voru sett inn 37 myndbönd og spilanir á myndböndin voru samtals 1.783.

Framleiðsluþing - Tækifæri og áskoranir íslenskra framleiðenda
Samtök iðnaðarins | 1 plays

Framleiðsluþing - Hvað segir fólkíð á göttuni?
Samtök iðnaðarins | 6 plays

Ísland í fremstu röð

Það er grætt að hafa og starfa á Íslandi og eðlilegt við framfarir á mörkuðum íslensks iðnaðarins. Því er það ekki geyma að önnur lönd víkna að innviðum sem hafa tilgætt. Síðis og fyrirtæki í þessum löndum þvinga á við þessum mörkuðum að hafa eðlilegt við þessum mörkuðum. Því er það ekki geyma að önnur lönd víkna að innviðum sem hafa tilgætt. Síðis og fyrirtæki í þessum löndum þvinga á við þessum mörkuðum að hafa eðlilegt við þessum mörkuðum.

Ræktum betur vörumerkið Ísland
Eftir Sigurð Hauksson
Ísland er sérstök góð til að ræktum betur vörumerkið Ísland. Því er það ekki geyma að önnur lönd víkna að innviðum sem hafa tilgætt. Síðis og fyrirtæki í þessum löndum þvinga á við þessum mörkuðum að hafa eðlilegt við þessum mörkuðum.

Útgjöld til rannsókna fara hlutfallslega lækkandi

Íslensk fyrirtæki fjárfesta í þessum hluta starfsmennar í auknum mæli eðlendis

Útgjöld til rannsókna og þróunar
Hlutföld til rannsókna og þróunar í 2016 var 2,1% af vaxandi gæði. Þetta er lækkun frá 2,3% í 2015.

Bein útsending: Framleiðsluþing Samtaka iðnaðarins
Útsendingin var haldin í höfuðborgarsvæðinu og var haldin í höfuðborgarsvæðinu. Því er það ekki geyma að önnur lönd víkna að innviðum sem hafa tilgætt. Síðis og fyrirtæki í þessum löndum þvinga á við þessum mörkuðum að hafa eðlilegt við þessum mörkuðum.

Forseti Íslands tekur áskorun Sigurðar
Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands hefur tekið áskorun framkvæmdgjafa Samtaka iðnaðarins, sem birtist í Vísindisblaðinu.

Frambjóðendur ræða um íslenskan iðnað
Frambjóðendur ræða um íslenskan iðnað. Því er það ekki geyma að önnur lönd víkna að innviðum sem hafa tilgætt. Síðis og fyrirtæki í þessum löndum þvinga á við þessum mörkuðum að hafa eðlilegt við þessum mörkuðum.

Mörg fyrirtæki ráða ekki við hámarkssekt Persónuverndar
Mörg fyrirtæki ráða ekki við hámarkssekt Persónuverndar. Því er það ekki geyma að önnur lönd víkna að innviðum sem hafa tilgætt. Síðis og fyrirtæki í þessum löndum þvinga á við þessum mörkuðum að hafa eðlilegt við þessum mörkuðum.

Telur að byggja þurfi meira til þess að mæta folksfögnun
Telur að byggja þurfi meira til þess að mæta folksfögnun. Því er það ekki geyma að önnur lönd víkna að innviðum sem hafa tilgætt. Síðis og fyrirtæki í þessum löndum þvinga á við þessum mörkuðum að hafa eðlilegt við þessum mörkuðum.

Áherslur SI eru hinar sömu og meistarafélaganna
Áherslur SI eru hinar sömu og meistarafélaganna. Því er það ekki geyma að önnur lönd víkna að innviðum sem hafa tilgætt. Síðis og fyrirtæki í þessum löndum þvinga á við þessum mörkuðum að hafa eðlilegt við þessum mörkuðum.

Starfsmenn SI

Starfsmenn Samtaka iðnaðarins við útgáfu skýrslunnar.



Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI



Ásbjörn R. Jóhannesson,
viðskiptastjóri rafíðnaðar
á mannvirkjasviði



Berglind Guðjónsdóttir,
skrifstofuumsjón



Björg Ásta Þórðardóttir,
lögfræðingur



Bryndís Skúladóttir,
forstöðumaður framleiðslusviðs



Friðrik Á. Ólafsson,
viðskiptastjóri byggingariðnaðar
á mannvirkjasviði



Guðrún Birna Jörgensen,
viðskiptastjóri á framleiðslusviði



Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir,
sviðsstjóri reksturs Mennta-
og mannaúðsmál



Ingólfur Bender,
aðalhogfræðingur



Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs



Jóhanna Vigdís Arnardóttir,
verkefnastjóri í menntamálum



Margrét Kristín Sigurðardóttir,
almannatengsla- og samskiptastjóri



Ragnheiður Héðinsdóttir,
viðskiptastjóri matvælaíðnaðar
á framleiðslusviði



Signý Jóna Hreinsdóttir,
viðskiptastjóri á hugverkasviði



Sigríður Mogensen,
sviðsstjóri hugverkasviðs



Vilhjálmur Hilmarsson,
sérfræðingur í greiningum



Einn af
hverjum fimm
starfa í iðnaði



Iðnaður skapar
29% landsfram-
leiðslunnar



Iðnaður skapar
riflega þriðjung
gjaldeyrstekna



Iðnaður skapar 33%
af veltu fyrirtækja
í landinu



Iðnaður stendur
að baki þriðjungi
hagvaxtarins